

---

# Bókasafnið á Húsavík

## Arsskýrsla 2012

### Hlutverk og þjónusta

Árið 2012 var starfsemi bókasafnsins með hefðbundnu sniði og snerist að mestu um upplýsingaþjónustu og útlán safnefnis. Mikið var um millisafnalán, þar sem bækur og annað efni er ýmist fengið að láni frá öðrum söfnum eða að við sendum til annarra safna. Þjónusta við námsfólk og þá sérstaklega háskólanema, er vaxandi þáttur í starfseminni enda orðið algengt að fólk stundi nám í sinni heimabyggð með fjar- eða dreifnámi. Boðið er upp á útlán bóka og tímarita, upplýsingaþjónustu, tölvuaðgang, margvíslegt fræðsluefni á myndböndum og margmiðlunardiskum, myndbönd/mynddiska til útleigu, útlán til skipa og stofnana, millisafnalán, safnkynningar, *bókin heim* og fleira. Myndbönd eru lánuð út endurgjaldslaust en mynddiskar eru leigðir út gegn vægu gjaldi.

Þess má einnig geta að Bókasafnið á Húsavík veitir öðrum söfnum á svæðinu margvíslega þjónustu. Má þar nefna millisafnalán, veita upplýsingar og ráðgjöf og að vera milligönguaðili við Landskerfi bókasafna. Sveitarfélagið Norðurþing á og rekur alls þrjú almenningsbókasöfn. Um er að ræða Bókasafnið á Húsavík, Bókasafnið á Kópaskeri og Bókasafnið á Raufarhöfn. Reynt er að hafa samráð um innkaup á t.d. fræðibókum, þar sem ágætlega gengur að nýta millisafnalán á slíkum bókum og öðru efni sem ekki er mikið í útláni. Þá sér safnið um alla skráningu og frágang bóka fyrir bókasafn Borgarhólsskóla.

Safnið leitast við að rækja það hlutverk sitt að hafa bæði nýtt og eldra efni til útláns handa viðskiptavinum sínum og eiga eitthvað við allra hæfi enda gestir safnsins margbreytilegur hópur á öllum aldri. Reynt er að uppfylla skilyrði laga um almenningsbókasöfn<sup>1</sup> en þar segir:

„Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.“

Árgjald í safnið var óbreytt árið 2012 eða kr.1900.- Aldraðir og börn að 18 ára aldri fengu áfram lánþegaskírteini endurgjaldslaust, sem og öryrkjar.

---

<sup>1</sup> Lög um almenningsbókasöfn nr. 150/2012

## Opnunartími

Dregið var úr opnunartíma í ársbyrjun 2011 og hélst sá opnunartími óbreyttur 2012. Safnið var opið frá kl. 10 – 18 þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga og frá kl. 11 – 17 mánudaga og föstudaga, en það gerir samtals 36 klukkustundir á viku. Alls hefur opnunartími verið skertur um tæp 27% undanfarinn áratug, en opið var 49 klst. á viku þegar mest var.

Opið var alls 244 daga árið 2012 en safnið var lokað örfáa daga um hásumar til að draga úr kostnaði við sumarafleysingu.

## Bókin heim

Bókin heim er þjónusta við aldraða og öryrkja í formi þess að færa þeim heim safnefni annan hvern föstudag. Bókaverðir taka til efni fyrir hvern og einn og Soroptimistakonur sjá um að koma því til skila. Lítil breyting varð í hópi þeirra sem nýta sér þjónustuna.

## Útlán

Samkvæmt skráningu voru útlán ársins 29.189 talsins (um 13 útlán/íbúa) en árið 2011 voru þau hins vegar 31.774. Þarna er um lítilsháttar samdrátt að ræða milli ára. Mestur samdráttur er í útlánum á mynddiskum og má reikna með að samdráttur í innkaupum á slíku efni hafi þar nokkur áhrif. Veruleg aukning varð hins vegar í útlánum hljóðbóka.

Bækur voru sem fyrr vinsælastar þeirra gagna sem lánuð voru út á árinu (72%), næst vinsælust eru tímaritin (18,2%) og þar á eftir myndbönd og mynddiskar (6,7%). Meðalútlán á dag voru um 120 eintök sem verður að teljast mjög gott.

Hafa ber í huga að útlánatölur segja ekki alla söguna um notkun Bókasafnsins, því margir koma á safnið eingöngu til að lesa blöð og tímarit, nota tölvurnar, fá ljósritunar- eða prentþjónustu, horfa á myndbönd/DVD eða leita upplýsinga um allt milli himins og jarðar.

Millisafnalánum fjölgar á milli ára en námsfólk og aðrir nýta sér það í töluverðum mæli að safnið hefur milligöngu um lán frá öðrum bókasöfnum. Lánaðar voru bækur og önnur gögn til safna í Þingeyjarsýslum eins og undanfarin ár, til dæmis til Bókasafnsins á Kópaskeri, Grunnskóla Raufarhafnar og Öxarfjarðarskóla svo einhver séu talin. Einnig voru safngögn send til annarra safna víðs vegar um landið og má þar nefna Amtsbókasafnið á Akureyri, Háskólann á Akureyri, Menntaskólann á Akureyri, Bókasafn V- Húnavatnssýslu, Bókasafnið á Dalvík, Bókasafn Vopnafjarðar og fleiri. Fengnar voru bækur og greinar að láni frá ýmsum söfnum á landinu, flest frá Amtsbókasafninu á Akureyri og Landsbókasafni en einnig frá fjölmörgum öðrum söfnum, almennings- skóla- og sérfræðisöfnum.

## Lánþegar

Skráðir lánþegar í tölvukerfinu Gegni voru 853 í lok árs (838 árið 2011) en hafa ber í huga að þá eru ekki taldir með þeir lánþegar sem koma reglulega í safnið en voru með útrunnið lánþegaskírteini þegar talningin fór fram. Rétt tala er því nokkru hærri. 49 nýir fullorðnir einstaklingar gengu í safnið á árinu.

## Safngögn

Tölvuskráð safngögn voru í lok ársins 49.006 eintök, en 47.839 árið 2011. Mikið hefur verið dregið saman í innkaupum síðustu ár vegna niðurskurðar, og á það sérstaklega við um myndefni og tímarit, en þó eru enn keypt mörg helstu tímarit sem gefin eru út hérlendis. Bókasafnið kaupir héraðsfréttablaðið Skarp og varðveitir öll blöðin og er auk þess áskrifandi að Morgunblaðinu.

## Starfsfólk

Starfsfólki og stöðugildum var áfram haldið í lágmarki eftir niðurskurð síðasta árs en þá var stöðugildum fækkað um tæp 15%. Eftir þær breytingar er enginn starfsmaður í fullu starfi. Forstöðumaður, Eyrún Ýr Tryggvadóttir, er í 80% starfi, og bókaverðir eru tveir, báðir í hlustastörfum, Bryndís Sigurðardóttir og Kristín Magnúsdóttir.

## Viðburðir

### Lestarátak

Á árinu var markvisst reynt að hvetja börn og unglinga til að lesa meira og heimsækja bókasafnið oftar. Tvisvar var farið í sérstakt lestrarátak, í febrúarmánuði og yfir sumartímamann, og var þátttaka með ágætum. Veitt voru bókaverðlaun fyrir mestan lestur í sumarlestrarátaki (lestrarhestur ársins) sem og fyrir flestar komur (sumargestur ársins).

### Dagur íslenskrar tungu - Ljóðasýning

Ákveðið var að endurtaka ljóðaverkefni sem fyrst var unnið 2011, en þá settu Bókasafnið og unglíngastig Borgarhólsskóla saman upp stórskemmtilega ljóðasýningu með verkum eftir nemendur. Sýningin var sem fyrr opnuð formlega á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Einnig var verkum um og eftir Jónas Hallgrímsson stillt upp til kynningar, auk þess sem teknir voru saman fróðleiksmolar um ævi hans og störf. Ljóðasýningin var opin út nóvembermánuð og vakti mikla lukku hjá safngestum.

### Jóladagskrá

Eins og undanfarin ár var lesið upp úr nýjum bókum fyrir jólin og spjallað um efni þeirra og höfundu. Að þessu sinni var lesið upp fimmtudagskvöldið 13. desember og var lestur í höndum dyggra viðskiptavina safnsins. Mæting var með ágætum og góð stemning skapaðist.

Einnig kom Kristjana María Kristjánsdóttir í heimsókn á safnið og las skemmtilega jólasögu fyrir börn þann 18. desember. Þá hélt Sigrún Kjartansdóttir sýningu á jólakortum og glermunum auk þess að vera með sýnikennslu í jólakortagerð þann 7. desember.

Að venju var skreytt fyrir jólin og sett var upp stórskemmtilegt bókajólatré sem alltaf vekur nokkra athygli safngesta.

## Annað

Ýmislegt skemmtilegt var gert á safninu þetta árið og reynt að hafa fjölbreytilega dagskrá til að höfða til sem flestra með það að markmiði að auka nýtingu safnsins. Lánþegum var nokkrum sinnum boðið að taka þátt í skemmtilegum föstudagsgetraunum, DVD-tilboð voru vinsæl og til að gleðja safngesti fyrir jólin var frítt útlán á öllum mynddiskum síðustu tvo daga fyrir jól. Var það einnig gert 2011 og mæltist þá afar vel fyrir.

Þá voru ýmsar bókarkynningar á uppstillingarborði, tilboð á sölubókum og þátttaka í viðburðum á borð við *Bókasafnsdaginn* sem haldinn var 17. apríl um land allt og *Alþjóðadag læsis* 8. september auk þátttöku í *Ljóðum unga fólksins* og *Bókaverðlaunum barnanna*.

Heimsóknir grunn- og leikskóla voru með svipuðu sniði og verið hefur.

## Almennt

Reynt var að halda uppi sambærilegri þjónustu og undanfarin ár þrátt fyrir töluverðan niðurskurð í fjárveitingum til safnsins. Sótt var um ýmsa styrki til að bæta stöðuna og fékk safnið veglegan styrk til bókakaupa frá **Sparisjóði Suður Þingeyinga**, að upphæð 50.000 kr., og kom það svo sannarlega að góðum notum. Auk þess fékk safnið margar góðar bókaþjálfafrá einstaklingum.

Starfsmenn hafa sem fyrr lagt sig fram um að veita góða og vandaða þjónustu en ekki verður hjá því komist að niðurskurður hafi neikvæð áhrif á safnkost og það, ásamt skertum opnunartíma undanfarin ár, skerðir auðvitað þjónustu. Markvisst var reynt að halda heimasíðu bókasafnsins lifandi með því að setja inn helstu fréttir og tilboð ásamt nýjasta efni sem keypt er á safnið auk þess sem safnið nýtir mikið samskiptavefinn Facebook til að koma upplýsingum áleiðis til viðskiptavina.

Húsavík 6. maí 2013,

Eyrún Ýr Tryggvadóttir

Forstöðumaður Bókasafnsins á Húsavík